

# Helstu fréttir

## Sveitarfélagið Stykkishólmur

Tölublað 8

11. desember 2023



Mynd frá 2021

### Ljósinn tendruð á jólatrénu í Hólmgarði

Undanfarin ár hefur sveitarfélagið gefið íbúum kost á því að kjósa sér jólatré í Hólmgarðinn. Valið hefur staðið milli sitkagrenis og stafafuru úr Sauraskógi og ljóst að Hólmarar eru hrifnari af greninu þar sem fylgi furunnar hefur ekki mælst hátt í kosningum síðustu ára. Í

ár varð breyting á þessu fyrirkomulagi og valdið sett í hendur nemenda 4. bekkjar grunnskólans. Sannast nú enn sem aftur að það læra börnin sem fyrir þeim er haft en grenið bar sigur úr bítum og lítill sem enginn áhugi á furunni. Jólatréð í ár er stórglæsilegt heimaræktað sitkagreni úr Sauraskógi. BB

og Synir sáu um að reisa þennan fagurgræna fyrrum nágranna sinni í Hólmagaði og tók þá Jón Beck við boltanum og stýrði skreytingum af sinni alkunnu snilld.

Ljósinn voru svo tendruð á jólatrénu í Hólmgarði við hátíðlega athöfn föstudaginn 1. desember síðast-

liðinn. Viðburðurinn hófst kl. 18 og var með hefðbundnu sniði. Kvénfélagið seldi heitt súkkulaði og smákökur, nemendur 1. bekkjar tendruðu ljósinn og rauðklæddir jólasveinar runnu á fagan söng Hólmarar og Helgfellinga og komu því færandi hendi með mandarínur fyrir börnin.



# Nýr Baldur kominn heim



*Baldur í heimahöfn.*

Formleg móttaka ferjunnar Baldurs var haldin í Stykkishólmi föstudaginn 17. nóvember síðastliðinn. Þá gafst íbúum og öðrum áhugasömum tækifæri til þiggja kaffi og kökur um borð í skipinu og skoða farþegarými skipsins. Margt var um manninn í Baldri af þessu tilefni og ekki annað að heyra á gestum að mikil ánægja væri með nýja bátinn.

Saga Breiðafjarðarferjunnar Baldurs er löng en skip með þetta nafn hefur nýst til ferjusiglinga í nærri heila öld. Því þótti við hæfi, þegar Vegagerðin keypti ferjuna Röst frá Noregi, að hún fengi einnig nafnið Baldur.

Upphaflega stóð til að leggja af fer-

jusiglingar á Breiðafirði við lok samnings við Sæferðir vorið 2023 en ákveðið var breyta þeirri ákvörðun og halda áfram siglingum, meðal annars í ljósi þess að miklar breytingar hafa orðið á atvinnustarfsemi á sunnanverðum Vestfjörðum með uppbyggingu fiskeldis og aukinna umsvifa í ferðþjónustu við Breiðafjörð. Einnig er ferjan mikilvæg fyrir íbúa Flateyjar þar sem skipið flytur nauðsynjar til eyjarinnar og er aðalferðamáti ferðafólks sem vill heimsækja Flatey og dvelja þar til skemmri eða lengri tíma.

Eldri ferjan, sem gegnt hafði ferjusiglingum undanfarin ár, var í eigu Sæferða og aðeins með eina aðalvél. Sú ferja var afhent ný-

jum eigendum í október.

Strax árið 2021 var s farið að skoða hvort hægt væri að finna annað skip sem uppfyllti þær kröfur sem settar eru fyrir ferjusiglingar á Breiðafirði. Gerð var krafa um að skipið væri búið tveimur aðalvélum og hefði haffærni fyrir C svæði en siglingaleiðin um Breiðafjörð flokkast sem C svæði. Afar fáar ferjur standa til boða sem geta siglt á C hafsvæði, eru með tvær vélar og geta jafnframt notast við núverandi hafnarmannvirki. Það var því heppilegt að ferjan Röst stóð til boða.

Vegagerðin keypti ferjuna Röst af Torghatten Nord í Noregi en hún sigldi í norður Noregi, á ferju-

leiðinni, Svolveer-Skrova-Skutvik. Skrifað var undir kaupsamning 15. september 2023 en kaupverð ferjunnar var 3,5 milljónir Evra.

S tærsti kostur nýju ferjunnar er að hún er með tvö aðskilin framdrifskerfi þ.e. hún er útbúin tveimur aðalvélum og tveim skrúfum sem stóreykur öryggi farþega. Einnig er hún með öflugra veltiugga sem gerir siglinguna þægilegri og farþegarými er allt á sama dekki. Þá er hún 12 árum yngri en núverandi ferja og aðstaða fyrir farþega er mun þægilegri.

Nýi Baldur tekur 250 farþega og rúmar fimm stóra flutningabíla.

Skipið fór í slipp við komuna til landsins m.a. til að koma fyrir nýjum þilfarskrana, landfestuvindum, færa til lyftibjörgunarbáta, útbúa geymslusvæði á þilfari og mála skipið að utan. Einnig þurfti að vinna að almennu viðhaldi véla og búnaðar.

Vegagerðin hefur gert samning við Sæferðir um rekstur Breiðafjarðarferjunnar Baldurs.



Nýjum Baldri fagnað í Stykkishólmi.

## Kynningarfundur um uppbyggingu á Vigraholti



Miðvikudaginn 22. september var haldinn kynningarfundur á Amtsbókasafninu í Stykkishólmi um fyrirhugaða uppbyggingu á Vigraholti.

Á fundinum kynnti Ásgeir Jón Ásgeirsson, fyrirhönd Vigrahólts ehf., skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar frístundabyggðar, íbúðarbyggðar og verslunar og þjónustu.

Á kishólms að auglýsa skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar frístundabyggðar og verslunar og þjónustu á Saurum 9 (Vigraholti). Um er að ræða breytingu á Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012-2024 og nýtt deiliskipulag. Athugasemdafrestur við skipulagslýsinguna var til og með 5. desember 2023.

Þann 2. nóvember síðastliðinn samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Stykkishólms að auglýsa skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar frístundabyggðar og verslunar og þjónustu.

## Samtalsfundur um fjárhagsáætlun

Boðað er til samtalsfundar mánudaginn 11. desember um fjárhagsáætlun Stykkishólms fyrir tímabilið 2024-2027 þar sem bæjarstjóri mun gera grein fyrir markmiðum fjárhagsáætlunar og helstu áherslum hennar.

Fundurinn fer fram á Höfðaborg og hefst kl. 17:00. Allir eru boðnir hjartanlega velkomnir.

Auk bæjarráðs og bæjarstjórnar hafa fastanefndir sveitarfélagsins undanfarið fjallað um fjárhagsáætlun á fundum sínum. Eins og íbúar þekkja eru bæjarstjórnarfundir sendir út í beinni útsendingu á Youtuberás Stykkishólms og má þar fylgjast með umfjöllun bæjarstjórnar um fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Stykkishólms fyrir árin 2024-2027.

## Viðburðarík aðventa í Stykkishólmi

Starfsfólk í Ráðhúsi Stykkishólms og stjórn Félags atvinnulífs í Stykkishólmi hafa hnoðað saman viðburðadagskrá fyrir aðventuna í Stykkishólmi sem borin er út í öll hús í bænum. Dagskráin hangir einnig upp á víðförnum stöðum.

Athygli er vakin á því að dagskráin nær ekki utan um lengda opnunartíma verslana eða tilboð og er fólk

því hvatt til að fylgjast vel með auglýsingum frá þjónustuaðilum á svæðinu. Á visitstykkisholmur.is undir hvað er í gangi má nálgast frekari upplýsingar um jólaopnanir, tilboð og fleira. Einnig er vakin athygli á að fyrirhugað er að halda þrettánda-brennu miðvikudaginn 6. janúar 2024 þó það komi ekki fram á dagatalinu.



## 12 leiguíbúðir verða byggðar í Víkurhverfi



Deiliskipulagsbreyting í Víkurhverfi.

Á næsta ári er fyrirhugað uppbygging 12 leiguíbúða í Víkurhverfi af hálfu Brákar íbúðarfélags hses., en Brák er húsnæðissjálfsseignarstofnun sem stofnuð var árið 2022 af sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins í þeim tilgangi að ná fram stærðarhagkvæmni sem næst ekki með litlum húsnæðissjálfsseignastofnunum með fáar íbúðir í rekstri. Stofnendur Brákar eru 31 sveitarfélag víðsvegar af landinu, þ. á m. Sveitarfélagið Stykkishólmur, en Jakob Björgvin S. Jakobsson, bæjarstjóri, situr í fulltrúaráði félagsins. Brák er rekið án hagnaðarmarkmiða og er ætlað að tryggja tekjulágum fjölskyldum aðgengi að íbúðum í langtímaleigu með því að kaupa eða byggja, eiga og hafa umsjón með rekstri og viðhaldi íbúðanna.

Stykkishólmur sótti, fyrir hönd Brákar um stofnframlag til ríkisins og fékk samþykkt að veitt yrði 18% stofnframlag frá ríkinu og sérstakt byggðaframlag vegna byggingar á 12 íbúðum í Stykkishólmi með það að markmiði að bæta húsnæðisöryggi fjölskyldna og einstaklinga sem eru undir tekju- og eignamörkum og auka aðgengi að öruggu og viðeigandi leiguhúsnæði. Íbúðirnar 12 í Stykkishólmi eru 14-15% af þeim stofnframlögum sem Húsnæðis- og mannvirkjastofnun úthlutaði fyrr á árinu til bygginga á nýjum leiguíbúðum á landsbyggðinni, en kostnaðarþátttaka ríkisins í verkefninu mun vera um 150 milljónir kr. “Við höfum unnið að því markvisst síðustu tvö ár að tryggja uppbyggingu leiguíbúða á vegum óhagnaðardri-

finna félaga með það að markmiði að tryggja þeim sem það þurfa aðgengi að vel útbúnum íbúðum í langtímaleigu í Stykkishólmi. Stofnaðild í Brák íbúðarfélagi hses. á árinu 2022 var hluti af þeirri vegferð. Sveitarfélagið hefur rekið félagslegt leiguhúsnæði við Skúlagötu 9, en við gerum ráð fyrir að geta boðið þeim sem þar búa í dag að flytja sig yfir í nýtt húsnæði um leið og uppbyggingunni líkur í Víkurhverfi seinnihluta næsta árs eða í ársbyrjun 2025. Þannig er um að ræða afar mikilvægan áfanga fyrir okkar samfélag sem kemur til með að stórbæta aðbúnað fyrir þann hóp sem fellur undir verkefnið. Í framhaldinu mun sveitarfélagið losa um eignarhald á Skólastíg 9 og auka þannig til muna við framboð á húsnæðismarkaði í sveitafélaginu. Þetta er því gríðarlega jákvætt verkefni og ánægjulegt að sjá að þetta raungerast.”

– Segir Jakob Björgvin S. Jakobsson, bæjarstjóri.

Heildarkostnaður verkefnis er áætlaður um 550 milljónir kr. og er 30% af fjármögnun á höndum hins opinbera, en hlutur sveitarfélagsins eru 12% af heildarkostnaði eða rúmar 65 milljónir. Að frádregnum gat-

nagerðargjöldum standa þá eftir um 40 milljónir kr. í beint fjárframlag frá sveitarfélaginu til verkefnisins. Líkt og áður segir mun kostnaðarþátttaka ríkisins í verkefninu vera um 150 milljónir, þ.e. 18% af stofnvirði auk sérstaks byggðaframlags. Brák íbúðarfélag mun bera ábyrgð á uppbyggingu íbúðanna, enda verða íbúðirnar í eigu félagsins sem einnig sér um útleigu þeirra.

Bæjarráð og skipulagsnefnd hafa á fundum sínum fjallað um staðsetningar fyrir íbúðirnar og velt upp ýmsum möguleikum. Horft er til þess að íbúðunum 12 verði komið fyrir í þremur tveggja hæða húsum á einni lóð við Bauluvík í Víkurhverfi, í hverju húsi verði þá fjórar íbúðir.

Bæjarstjórn hefur samþykkt að auglýsa breytingu á deiliskipulagi Víkurhverfis vegna íbúðanna. Hægt er að kynna sér skipulagsbreytinguna á vef sveitarfélagsins

Ætla má að framnagerð í Víkurhverfi hefjist á næstu dögum. Verklök eru samkvæmt samningi 15. apríl 2024.